

**Heimsminjanefnd Íslands**

## FUNDARGERÐ 23. fundar

23. fundur heimsminjanefndar Íslands var haldinn í Þjóðminjasafninu á Kaffitári, þann 9.júní 2011 og hófst kl.13. Viðstaddir voru Margrét Hallgrímsdóttir formaður sem stjórnaði fundi, Sigurður Á. Þráinsson og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð. Þórdís V. Bragadóttir frá Umhverfisstofnun/Surtseyjarstofu sat einnig fundinn.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð fyrri funda lagðar fram til samþykktar.
2. Torfajökulsaskja. Næstu skref.
3. Málefni Surtseyjar
4. Önnur mál.

1. *Fundargerðir fyrri funda.* Fundargerðir 19. og 22. funda lagðar fram og viðstaddir nefndarmenn undirrituðu þær.

2. *Torfajökulsaskja.* RHP gerði grein fyrir stöðu málsins, sem er í vinnslu.

3. *Málefni Surtseyjar.* Þórdís gerði grein fyrir undirbúningi að vígsluhátíð og sýndi teikningar af fyrirhuguðu skilti. Dagsetning hátíðarinnar hefur ekki verið endanlega ákveðin en hún verður þó á þessu ári. Stefnt er að því að halda hátíðina í ágúst. Þórdís mun senda textann á skiltinu til heimsminjanefndarinnar til yfirlestrar. Ákveðið að kynna textann og skiltið fyrir NWHF. Rætt hvernig merkjum (logo) o.fl. verði best fyrir komið. Ekki má blanda saman heimsminjamerki UNESCO og öðrum merkjum.

4. *Önnur mál.* MH sagði frá störfum dómnefndar vegna Þingvallabjórðgarðs og hugmyndaleitar, sem verður kynnt innan skamms.

Fundi slitið kl. 14.00.

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir

